



# Ársskýrsla Eitrunarmiðstöðvar 2025


## Starfsemi og starfsmenn

Eitrunarmiðstöðin (EM) starfaði á Bráða- og Lyfjapjónustusviði Landspítala 2025. Aðalhlutverk er að sinna ráðgjöf um meðferð eitrana til almennings og heilbrigðisstarfsmanna og efla þekkingu á eitrunum og meðferð þeirra. Eitrunarsíminn er opinn fyrir alla allan sólarhringinn allt árið um kring.

## Tölfræði og yfirlit samtala í Eitrunarmiðstöð

### Yfirlit yfir fyrirspurnir árið 2025

Árið 2025 voru skráð samtöl í eitrunarsímann **3081** og árið 2024 **3223** samtöl (um 4% fækkun á milli ára).




46% samtalanna komu frá körlum og 50% frá konum. Ekki var skráð kyn þess sem hringdi í um 4% tilvika.

Júlí 2025 skar sig úr með flest samtöl og desember með fæst 2025.

52% fyrirspurnna voru vegna lyfjaeitrana (aðeins hækkun frá í fyrra) og 37 % vegna annarra eitrefna. Almennar fyrirspurnir voru 8 % og óskráðar 3% (lækkun frá 6% árið 2024).


Af **3081** símtölum þá voru um 80% (hækkun frá 70% 2024) símtala/fyrirspurna afgreidd í símtalinu, um 4% erinda var vísað á heilsugæslu og um 17% var vísað á bráðamóttökur.

Hvað er ráðlagt? (%)




Um 43% fyrirspurna komu frá foreldrum, um 8% símtala voru frá læknum á sjúkrahúsum, heilsugæslum eða bráðamóttökum, um 30% hringdu sjálfir og um 3% símtala voru frá mökum.

Hver hringir? (%)



### Helstu íkomuleiðir:

Helstu íkomuleiðir (%)




Lang algengasta útsetning efna er um munn. Innöndun eiturgufa, útsetning á húð og í augu er líka nokkuð algengt.

Aukning var á fyrirspurnum um lyf undir húð sem má að mestu leyti rekja til aukinnar notkunar á lyfjaflokkun: Sykursýkilyf, hliðstæður við glúkagónlíkt peptíð-1 (GLP-1), ATC-flokkur: A10BJ06.

### Ástæða:


Símtölum vegna sjálfsskaða fækkaði lítillega milli ára og voru þau um 6% símtala (fækkun um 1%) og símtölum vegna rangrar lyfjagjafa stóðu í stað og voru 18%. Símtöl vegna óhappa hækkðu í 55% og misnotkunar í 5%. Fækkun var á símtölum vegna vinnuslysa 1%, aukaverkana 2% og milliverkana 1%.

Ástæða útsetningar (%)




### Hvaðan bárust símötlin?

Lang flest komu frá heimili hringjandans eða um 73%.



### Hversu fljótt eftir atvikið er hringt í Eitrunarmiðstöðina?

Hversu fljótt eftir atvikið er hringt í Eitrunarmiðstöðina? (%)



---

Um 65% símtala berast innan 1 klukkustundar eftir atvikið.

### Dreifing símtala yfir daginn í %

|      | kl. 8-16 | kl. 16-24 | kl. 24-8 |
|------|----------|-----------|----------|
| 2019 | 37       | 53        | 10       |
| 2020 | 42       | 50        | 8        |
| 2021 | 36       | 57        | 7        |
| 2022 | 36       | 60        | 4        |
| 2023 | 36       | 56        | 8        |
| 2024 | 38       | 51        | 11       |
| 2025 | 39       | 51        | 10       |

Dreifing símtala yfir daginn alveg á pari við dreifinguna 2024.

### Tegund eitrunar og aldursdreifing:

| Tegund eitrunar          | (%) |
|--------------------------|-----|
| Lyfjacetranir            | 52  |
| Önnur eiturefni          | 37  |
| Almennar fyrirspurnir    | 8   |
| Ekki skráð               | 3   |
| Aldursdreifing           | (%) |
| Aldraðir eldri en 75 ára | 3   |
| Aldraðir 66 – 75 ára     | 4   |
| Fullorðnir (18-65 ára)   | 40  |
| Unglingar/börn 13-17 ára | 6   |
| Börn 5-12 ára            | 8   |
| Börn 4 ára og yngri      | 36  |
| Ekki skráð               | 2   |
| Óþekkt                   | 1   |
|                          |     |

Nákvæmari aldur var skráður hjá 444 (um 40%) börnum 4 ára og yngri:

| Aldursdreifing 4 ára og yngri | (fjöldi) |
|-------------------------------|----------|
| Yngri en 1 árs                | 145      |
| 1-2 ára                       | 159      |
| 2-3 ára                       | 64       |
| 3-4 ára                       | 76       |

**Algengustu lyfin sem hringt var út af:**

| Heiti lyfs               | Fjöldi (%) |
|--------------------------|------------|
| Parasetamól              | 11         |
| Geðlyf                   | 9          |
| Nikótínlyf/vörur         | 8          |
| Veik verkjalyf (NSAIDs)  | 7          |
| Flogaveikislyf           | 7          |
| Ofvirknilyf              | 7          |
| Benzódíazepín            | 5          |
| Blóðþrýstingslækkandilyf | 5          |
| SSRI                     | 5          |
| Sterk verkjalyf/Opíóíðar | 4          |
| Andhistamín              | 4          |
| Sýklalyf                 | 4          |
| Svefnlyf                 | 4          |
| Hormónar                 | 4          |
| Hjartalyf                | 4          |
| Sykursýkislyf            | 3          |
| Sterar                   | 3          |
|                          |            |

Algengast var að hringt væri vegna parasetamóls, geðlyfja (ATC flokkur N05A, N06AA og N06AX) og nikótínvara.

Alls voru 110 símtöl vegna vara sem innihalda nikótín.

70% fyrirsurnanna voru vegna nikótínþúða, 18% vegna vape, 7% vegna nikótínstyggiós, 4% vegna munnsogstaflna og 1% vegna munnúða.

72% voru á aldrinum 0-4 ára; 8% 5-12 ára; 5% 13-17 ára og 15% fullorðnir.

**Algengustu eiturefnin sem hringt var út af:**

| Eiturefni:                   | %  |
|------------------------------|----|
| Hreinsiefni til heimilisnota | 27 |
| Snyrti- og hreinlætisvörur   | 11 |
| Hreinsiefni sterk            | 5  |
| Matur                        | 5  |
| Málning                      | 5  |
| Dót                          | 5  |
| Plöntur                      | 4  |
| Eitraðar lofttegundir        | 4  |
| Rafhlöður                    | 3  |
| Lífræn leysiefni             | 3  |

|                                                                |    |
|----------------------------------------------------------------|----|
| Ilmolíur                                                       | 2  |
| Eitruð alkohól                                                 | 2  |
| Sveppir                                                        | 2  |
| Skordýraeitur                                                  | 2  |
| Annað                                                          | <1 |
| Annað er m.a.: „Glowstick“, stjörnuljós, blákorn, kvikasilfur. |    |

Aukning hefur orðið á símtölum „Hreinsiefna til heimilisnota“ um 3%. Aðrar tölur eru mjög svipaðar og fyrir árið 2024. Hinsvegar er áhugavert að á Gamlársdag 31. des. 2025 bárust Eitrunarmiðstöðinni 17 símtöl vegna útsetningar barna á vökvanum sem er innihald í svo kölluðu „Glowstick“.